



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 11. febrúar 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Erla María Lárusdóttir ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. og 4. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstrayfirlit janúar-desember 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar – desember 2025 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Var yfirlitið lagt fram til kynningar.

2. ENOR - Ráðningarbréf endurskoðanda

Fyrir fundinum lá ráðningarbréf við endurskoðunarfyrirtækið ENOR ehf. þar sem kveðið er á um að ENOR ehf taki að sér endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2025 og settir fram þeir skilmálar um endurskoðunina og störf fyrir sveitarfélagið og gerð grein fyrir ábyrgð endurskoðanda og stjórnenda sveitarfélagsins í tengslum við endurskoðunina. Sveitarstjórn staðfesti ráðningarbréfið samhljóða og fól oddvita að undirrita það fyrir hönd sveitarfélagsins.

3. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

4. Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2026

Fyrir fundinum lá Húsnæðisáætlun sveitarfélagsins 2026-2035 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Áætlunin hefur fengið staðfestingu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Sveitarstjórn samþykkti áætlunina samhljóða eins og hún var lögð fyrir. Var sveitarstjóra falið að undirrita og birta áætlunina á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. Bréf

a. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra dags. 26. janúar 2026

Efni: Færsla Heilbrigðiseftirlita frá sveitarfélögum til ríkis.

Í erindinu koma fram áhyggjur af fyrirhuguðum flutningi eftirlits á sviði hollustuhátta og mengunarvarna sem fram koma í máli S-3/2026 í Samráðsgátt stjórnvalda: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Vísað er til umsagnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða (SHÍ). Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur þær sem fram koma í erindinu.



b. Styrktarsjóður EBI dags. 27. janúar 2026

Efni: Styrktarsjóður 2026

Með erindinu er tilkynnt um að opið sé fyrir styrki í gegnum Brunabótafélag Íslands sem nefnist Styrktarsjóður EBI. Tilgangur sjóðsins er að styðja og styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum. Var sveitarstjóra falið að sækja um styrk.

c. Afkomendur Sigga og Höllu í Þórsmörk dags. 8. febrúar 2026

Efni: Gjöf til sveitarfélagsins.

Með erindinu óska börn og aðrir afkomendur Höllu og Sigga í Þórsmörk eftir leyfi til að gefa sveitarfélaginu garðbekk til minningar um þau. Sveitarfélagið þakkar rausnarlega gjöf og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram með viðkomandi.

6. Fundargerðir:

- a) *Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 22. október 2025*
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b) *Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 18. nóvember 2025*
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c) *Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 3. desember 2025*
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d) *Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 19. janúar 2026*
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 23. janúar 2026*
Fundargerð lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:27

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir